

3. stjórnarfundur EBAK 31. maí 2022 kl. 16.00

Mætt: Hallgrímur Gíslason, Birgir B. Svavarsson, Elín S. Antonsdóttir, Torfhildur S. Þorgeirdóttir, Sigurður Harðarson, Friðrik Vagn Guðjónsson, Helga Eymundsdóttir og Margrét Marvinsdóttir.

Fjarverandi: Helgi Aðalsteinsson og Eva B. Magnúsdóttir.

Dagskrá sem hér segir:

1. Formaður setti fund og mætt stjórn og varastjórn kynnti sig.
2. Teknar voru fyrir fundargerð stjórnar frá 10. maí sl. og fundargerð aðalfundar frá 29.mars. Báðar samþykktar.
3. Viðvera. Samþykkt að skrifstofan verði lokuð í sumar
4. Næsti stjórnarfundur ákveðinn þriðjudag 23. ágúst kl. 16
5. Starfsemin.
 - a. Félagsmiðstöðvar EBAK, Birta og Salka opnar alla virka daga kl. 9 – 13. Jafnframt verði opið í Birtu fyrir spilamennsku alla miðvikudaga kl. 13 – 15.
 - b. Nú stendur yfir könnun um hugmyndir sem varða starfsemi í Birtu næsta vetur.
 - c. Ringó. Friðrik Vagn sagði frá starfsemi Ringó sem hann sagði ganga vel og henta öllum. Áætlað er að fólk frá EBAK taki þátt í Landsmóti 50+ í júní í Borgarnesi. Þá var rætt lítillega um húsnæði fyrir íþróttina.
 - d. Leiga í Birtu. Samþykkt var með miklum meirihluta að hætta leigu salar til óviðkomandi þar sem óánægja hefur ríkt vegna árekstra við þá starfsemi sem rekin er að hálfu félagsins.
 - e. Formaður sagði frá fundum með formönnum og gjaldkerum nefnda á vegum félagsins.
6. LEB blaðið. Rætt var um dreifingu þess en talsverður hluti félaga hefur ekki sótt blaðið. Samþykkt var að fara með blöð á hjúkrunarheimilin Hlíð og Lögmannshlíð. Að öðru leyti geyma frekari dreifingu til hausts.
7. Virk efri ár. Formaður kynnti áframhaldandi starfsemi í tengslum við „Virk efri ár“ sem haldinn var fundur um þann 27. maí. Talsverðar umræður spunnust um þetta nýja verkefni. Samþykkt var að halda kynningarfund með haustinu til frekari kynningar fyrir félaga EBAK.
8. Starfsáætlun EBAK fyrir næsta ár var rædd svo og fundir og samstarf. Jafnframt að afmælishátíð félagsins verði sunnudaginn 2. október nk. Sérstök afmælisnefnd er að störfum.
9. Önnur mál. Ýmis málefni er varða tölvur, tölvunotkun og námskeið þar að lútandi voru til umræðu m.a. að efna til námskeiða með haustinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Elín S. Antonsdóttir ritaði fundargerð.